


Nilsson, John, Wings.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram.



Paul McCartney stofnaði hljómsveitina Wings og gerði í byrjun áttunda áratug seinustu aldar. Mörgum árum síðar var Paul veitt af Bresku drotningunni heiðursnafnbótin „Sir“ sem samkvæmt Breskum lögum stendur nú fyrir framan nafn hans og fylgir heiðrinum sem af hlýst

Á sjöunda áratug seinustu aldar veitti drottning meðlimum The Beatles orðu, sem frægt varð. Og hrikti þá í stoðum, gæti höfundur trúað.

Söngvararnir Cliff Richard hefur einnig nafnbótina „Sir“ og Elton (Hercules)

John einnig. Og vitaskuld margir aðrir.

Fólk sem fæst við tónlistariðkun af léttara tagi telja Bretar orðið ástæðu til að veita riddaratign að uppfylltum vissum skilyrðum sem höfundur kann ekki að skíra. Þessu ber að fagna. Heiðra skal fyrir góð störf. Af er sú tíð og þeir tímar að baki er rokkarinn naut, segjum, hæfilegrar virðingar hins opinbera og fékk litla athygli nefnda og ráða sem um þessi mál fjölluðu. Það allt saman er breytt. Gott starf og árangur skal metið. Og hann er að finna hvar sem menn starfa.

Til að hljóta „Sir“ heiðurinn þarf drottning Breta að koma að málinu til að þetta gangi eftir og menn öðlist og hafi eftirleiðis og með réttu fyrir framan nafn sitt. Hvort þetta gildi bara um Breska karlmenn þekkir höfundur ekki. Vel má samt vera að konum hlotnist svipaður heiður þó með öðrum hætti sé. Höfundur viðurkennir að vita lítt um Breskar hefðir.

Í Bretlandi er „Sir“ nafnbótin heiður.

Áþekkan sið er að finna hér með Fálkaorðuna þó ekki fái menn framan við nafn sitt af henni annað nafn sem segir til um heiðurinn en mætti vel athuga. Samt er ekki lögð til háttsemi

Hitlers sem eins og öll “fyrirmyndaríki“ gera sæmndi líka sína menn allskonar heiðursmerkjum sem ríkið taldi þá hafa unnið til en reif svo af þeim aftur fyndist honum sjálfum að þeir stæðu sig ekki nógu vel. Í þá allt öðru en viðkom heiðursmerknu. Þó menn hljóti orðu heiður Ríkisvalds geta þeir samt síðar misst glas á versta stað í gólf og brotið án þess að missa frá sér orðuna. Hitler gaf og Hitler tók. Ekki viljum við hans verkslag?

Nóg um það.

Wings varð raunveruleiki fljótlega eftir að The Beatles höfðu verið blásnir af og meðlimir sveitarinnar gengnir hver í sína átt. Líklegt er að Sir Paul hafi verið þeirra atkvæðamestur frá lokum Bítlatímabilsins. Hann er enn að í september 2017 og hefur aldrei stigið til hliðar.

Skodum sögu Wings örlítið neðar og víkjum fyrst að öðru.

John Lennon gaf út LP hljómplötur í nokkur ár frá árinu 1969 er út kom með Plastic Ono Banda hljómleikaplötu „Live Peace in Toronto“ og fleiri sólpötur sem aðeins verður farið yfir hér neðar. Árið 1974 kom út með honum hljómplata í samstarfið við Harry Nilsson söngvara og lagahöfund sem hlaut nafnið „Pyssy Cat“. John er höfundur upphafslagsins „Mani River to Cross“ og lags númer tvö á „A“ hlið „Subterranean Homesick Blues“ og máski fleiri lögum. Hann er og skráður höfundur ásamt Harry á fimm öðrum lögum til viðbótar á þessari breiðskífu. Sumir sem hlusta heyra handbragð Lennons. Þar má að áliti höfundar greina Plastic Ono Band hljóminn. Þessi plata hefur alveg farið framhjá höfundi en er að heyra ágæt.

Svolítið um Harry Nilsson.



Myndin til hægri er af John Lennon til hægri og Harry Nilsson, með húfuna til vinstri. Hver maðurinn með hljóðnemann er kemur ekki fram né af hvaða tilefni þeir tveir eru þarna né hver börnin eru sem þeir halda á. Upp í hugann kemur styrktarsamkoma af einhverju tæi sem þeir voru fengir til að koma fram á. Sagt án neinna heimilda.

Árið 1974 var feril Nilsson ekki búin að vera langur eins og hið algenga er hjá tónlistarmönnum sem vegnar vel og urðu að lokum heimsþekkt nöfn í músík. Saga flestra af þessu fólki teygir sig langt afturfyrir velgengnina og birtir oft basl og sumpart erfiðleika við að koma sér á framfæri. Fram til ársins 1968 starfaði Nilsson í stórum banka í Bandaríkjunum og stefndi allt hjá honum í að verða aðstoðarbankastjóri. Samt er ljóst að meðfram bankastarfinu kom hann nálægt tónsmíðum því árið 1966 kom frá honum hljómplata. 1968, eins og áður segir, velur hann að söðla um í starfsháttum og hafði þá gefið út fjórar hljómplötur.

Tiltekinn dag 1968 gekk Harry Nilsson söngvari og hljóðfæraleikar út úr bankabyggingunni Vestan hafs og gamla vinnustað til margra ára til að syngja söngva fyrir áheyrendur, halda hljómleika fyrir fáa og eða marga, fara í hljóðver með efni eftir sig sjálfan og aðra, Harry var oft með lög annarra á eigin plötum, gefa út hljómplötur. Í auðvitað von um hagnað og

velgengi af öllu saman. Öðruvísi er ólíklegt að hann hafi breytt um stefnu nema sú von hafi í það minnsta blundaði með honum.

Fyrsta plata Nilsson heitir „Spotlight On Nilson“ 1966 og er plata frá honum númer tvö „Pandemonium Shadow Show“ og þriðja platan „Arial Ballet“ 1968, fjórða plata hans „Skidoo“ kom og út 1968 og vöktu plötur hans nokkra athygli og mögulega réðu úrslitum um að hann valdi að yfirgefa trausta bankastöðuna og öruggu tekjur. Lífið er val.

Fram til ársins 1970 fer hann mikinn í útgáfu platna og eru hljómplöturnar orðnar sex, með þeirri sem þá kom út og heitir „Nilsson Sings Newman“. Þó menn séu að mestu hættir 1968 að gefa út eftir sig tvær plötur á ári var slíkt en með hjá starfandi tónlistarmönnum og hljómsveitum sem gátu sér orð og menn fylgdust orðið með og biðu eftir efni frá. Líklegt er að útgefendur hafi þrýst á Harry um að vera nú duglegan og semja eins og engin væri morgundagurinn og eiga nóg af efni sem hægt væri að velja úr á enn eina hljómplötu frá honum. Heitir víst: „Að hamra járnid á meðan það enn er heitt“. Samt er ekki öruggt að þrísting þeirra hafi þurft til heldur að áhuga tónlistarmannsins sjálfs hafi verið nógur til að eldarnir loguðu sem hann vildi nýta á meðan stætt var. Á þessum árum voru tónarnir það sem lífið snérist mikið um hjá hluta almennings og heimur allur undirlagður hugsuninni hjá vissum aldurshópi um meira af tónum. Merkilegt tímabil hjá okkur sem stóðum á hliðarlínunni og sáum umbrotin þaðan og fengum bara blæinn og mildan vindgustinn yfir til okkar og létum okkur vel líka.

Nilsson vakti hvað mesta athygli á sér sjálfum er hann snéri sér að eldri lögum Bítlanna. Höfundur telur að Harry hafi skotið lögum The Beatles á plötur sínar svona inn á milli. Það sem hann hefur heyrt er afskaplega vel gert og engin furða að flutningur hans á söngvum The Beatles vekti athygli á flytjanda. Stundum er umfjöllun manna ekki mjög nákvæm lýsing. Þess skal samt getið til að alls sanngirnis sé gætt að 1974 voru menn nær atburðum þessum en er í dag (september 2017) og líklegt að fólk sem á annað borð las umfjöllun af þessum toga hafi vitað um hvað málið snérist og því verið talið óþarfí kafa neitt djúpt ofan í málið. Skiljanlegt með það til hliðsjónar að samtíminn talar í andartakinu en er samt sínu verra fyrir framtíðina og grúskaranna sem þá kunna að vera á vappi til að skoða eitt og annað og vilja vanda sín vinnubrögð en hafa ekki nógar upplýsingar af því sem þeir lesa til að vinna meira með að lýsingar allar verða smá loðnar og segja ekki nógu mikið til að útskíra efniviðinn eins menn kannski vildu. Ekki góð sagnfræði en stundum það eina sem í boði er. Það vantar örlítið meira efni til að fá þrjónað betur kringum það sem reynt er að toga fram. Fæstir sem taka saman efni í núinu hugsa langt fram í tímann heldur eru bara í sínu núi. Svo hitt! Menn geta ekki vitað hvað verði togað fram og hverju sleppt, hvað teljist merkilegt og hvað ekki. Framtíðin er óljós.

Myndin til hægri er af umboðsmanni The Beatles Brian Epstein. Sjálfur hefur Sir Paul McCartney nýverið látið hafa eftir sér að sé einhver maður með titilinn „Fimmti bítillinn“ sé það Brian. Undir það má taka. Hann, á meðan hans starfskrafta enn naut, var þeim næstur og til staðar oftast en líklega nokkur annar sem í kringum þá voru og oftast en Sir George Martin, upptökumaðurinn knái, sem þó vann náði með hljómsveitinni er hún sýslaði við Bítlaplötur í hljóðveri. Meira að segja teygði Fimmti bítillinn sig yfir í raðir knattspyrnumannsins því um tíma var George Best hinn knái knattspyrnumaður með hann. Samt voru Bítlarnir alltaf bara fjórir og er hljómsveitin var blásin af voru þeir enn fjórir og sömu nöfn frá því að frægðarsól bandsins hófst á loft. Fimmtu Bítlarnir eru enn hafðir með. Enda með skemmtilegra fólki.



Allavega og hvernig sem þau mál öll saman liggja var það samt meðferð Nilsson á eldri lögum Bítlanna sem kom honum í kynni við þá John, Paul, George og Ringo og urðu nokkuð nán og gengu reyndar svo langt að menn fóru að kalla Harry Nilsson „Fimmta Bítillinn“.- Sjá má að listin yfir þá blessaða er alltaf að lengjast og allskonar hæfileikafólk verið nefnt til sögunnar. Nú vantar bara smiðinn á listann úr því að knattspyrnukappinn er kominn fram.

Ástæðan fyrir þælingunni um Nilsson og að nafn hans væri tengt við Fimmta Bítillinn var nán kunningsskapur hans við þá féлага og að söngstíll hans þótti vera svona mitt á milli Lennons og McCartneys og samræmast ágætlega stíl The Beatles. Og ekki þótt neitt skemma fyrir að hann spilaði á píanó og það nefnt af einhverjum að með því að fá hann í hljómsveitina gæti Paul einbeitt sér betur að bassanum. Allskonar þælingar í gangi. Það skal haft í huga að þó að The Beatles séu ekki lengur starfandi árið 1974 eru enn nokkrar þælingar uppi um að fá þá saman sem líklega útskírir hví svona sé talað um Harry Nilsson. Líka má vera að þetta tal hafi verið komið upp áður en samstarf The Beatles slitnaði og líklegt að sé með þeim hætti. Kannski að mætti koma saman heilu fótboltaliði með öllum þessum Fimmtu bítlum og eða stofna hljómsveit og gefa nafnið Fimmti bítillinn? Hvað veit maður?


Hljómplatan „Pussy Cats“.

Mynd til hægri er af plötuumslagi „Pussy Cats“ sem er samvinnuverkefni Lennons og Harrys Nilsson og kom út 1974. Harry á mestanpart laganna og John nokkur. Platan er áhugaverð. Að fylgjast með tónlistarnheiminum á þessum tíma var ekki einfalt mál og fór eftir áhuga fréttablaða og útvarps og hversu fúsir þessir ágætu fjölmiðlarnir væru til að flytja svona fréttir. Samt var alltaf eitthvað þó ekki veki allt manns áhuga.



Umfjöllun um plötu þessa er að finna í dagblaði frá 1974 og þess getið að á henni leiði fram hesta sína þeir Harry Nilsson og John Lennon. Um útgáfuna er sagt að sé sólóalbúm Nilsson en sé allt eins ein plata Lennons. Flest lagana er frá Harry en Lennon sér um að útsetja þau öll og auk þess syngja með í þeim flestöllum að platan hefur nokkuð mikinn Lennon brag yfir sér. Lag Lennons „Mucho Mungo/Mt. Elga“ er talið fallestasta lag plötunnar.

Mörg þekkt nöfn koma fram, eins og Ringo Starr, Klaus Voorman, Jim Keltner, Danny Kootch, Keith Moon og Sneaky Pete. Plötudómarnir eru samt ekki hagstæðir verkinu og sá sem penna mundar til gagnrýni segir um hana að hann að sínu leiti sé ekki hrifinn og að platan missi gersamlega marks. Klikkir út með því að segja að miðað við þessa menn ættu þeir að geta gert talsvert betur en heyrast á plötunni „Pussy Cats“. Höfundur þekkir ekki hvernig „Pussy Cats“ reiddi af í veröld hljómplötunnar né finnur neitt um það sérstaka atriði og hvort hún hafi náð inn á vinsældarlista með lag en samt að hún var gerð og hægt að hlusta á verkið í dag og meta sjálfur hvernig til tókst. Og höfundur gefur henni bara ágætis meðmæli og finnst á sinn hátt áhugaverð. Upphafslagið er söngur eftir John og einn af mörgum úr hans smíðju.



Harry Nilsson fæddist í Brooklyn 15 júní 1941. Hann andaðist 15 janúar 1994 rúmlega fimmtugur. Sem unglingur flúði hann frá Brooklyn til Los Angelis og lenti í starfi tölvunarforritara í banka. Þar byrjaði hann að semja söngva og varð það vel ágengt að frægar hljómsveitir á bord við The Monkeys og Three Dog Night fengust til að nota frá honum efni.

Svo er að sjá að engin ný plata eftir hann hafi ekki komið út frá 1980, er tvær long play plötur litu dagsins ljós, og að hann hafi ætlað sér að koma fram með nýja plötu er dauða hans bar að höndum og boða endurkomu sína í músíkheimi. Harry Nilsson lést úr hjartaáfalli í miðri upptöku.

Myndin til hægri er af plötuumslaginu frá 1971 sem höfundur eignaðist með þessum merkilega söngvara og lagahöfundi sem ekkert verður neitt annað sagt um en að hafi getað sér sérstakan stíl í tónlist. Aðra hljómplötu en þessa eignaðist hann ekki en fannst þessi ágæt.

2015 var Harry Nilsson kosinn af tónlistartímaritinu Rolling Stones einn af eitt hundrað bestu söngvurum allra tíma.



Smávegis um Lennon- plötur.



Árið 1970 kom út ekta Lennon plata og árlega eftir það til ársins 1975 er út kom platan „Rock and Roll“. Á þeirri plötu eru engin lög samin af Lennon sjálfum. Síðasta plata fyrir hléið sem hann gerði á útgáfustarfsemi með eigin söngvum er platan „Walls and Bridges“ útgefin 1974. Allir sem fylgst hafa með Bítlasöggunni vita að Lennon tók sér nokkra ára pásu frá öllu hljóðfærastússi og fór heim til að vera barni sínu faðir og annast

uppeldið að sínu leiti og sjá um heimilið. Og muni höfundur rétt vissi Sean Lennon, sonur hans og Yok Ono, Sean er fæddur 9 október 1975, ekki að faðir sinn sem svo oft stóð við eldhúsvaskinn á meðan hann enn var barn að aldri með uppþvottaburstann í hendinni, að þetta væri maðurinn sem stofnaði og starfaði í hljómsveitinni The Beatles vegna þess að hinn, og þau bæði, nefndu þetta aldrei á nafn við drenginn. Svo einn daginn kom spurningin frá honum og jánkaði John þessu og sagði jafnframt að væri liðin tíð. Kannski ákváðu foreldrarnir að leyfa drengnum sjálfum að komast að sannleikanum en tala ekki um hann að fyrra bragði. Getur verið hyggilegt.

Lennon var tilbúin með LP plötu árið 1980 „Douple Fantasy“- sem þótti góð en verulega ólík fyrri plötum hans. 8 desember 1980 var Lennon myrtur fyrir utan heimili sitt í New York og hafði þá lokið við aðra plötu í anda fyrri plötu sinnar sem fékk nafnið „Milk and Honey“- Hún beið útgáfu til ársins 1984 og er einnig ágætis plata. Þessar plötur má segja um að tíminn hafi svolítið falið. Er tíminn enda óútreiknanlegur fugl.

Hver sé besta plata Lennons á sólóferlinum metur hver fyrir sig. Sjálfur var ég hrifin af plötunum „John Lennon/Plastic OnoBand“ frá árinu 1970 og „Some Time In New York City“ frá árinu 1972 og einkum fyrri plötunni vegna þess hversu persónuleg hún virkaði á mann og minnir á uppgjör við ýmislegt úr lífi John, hvort sem það sé rétt álit eða ekki. Sé svona lagað faglega og smekklega unnið er það oft fegurðin sjálf uppmáluð. Hljómplatan „Imagine“ er þekktasta verk Lennons og var auðvitað frábær og lagið „Imagine“ nokkuð sem vill ekki fara af þeirri ástæðu að hlustandinn vill í það halda og gera báðum höndum.

Myndin til hægri er tekin 2013 og er af Sean Lennon á líklega tónleikum. Sean er tónlistarmaður sem gefið hefur út nokkrar hljómplötur. Hann semur ágætis tónlist og fer sínar eigin leiðir sem gefur honum ágætis meðmæli sem listamanns.



Er „Wals And Bridges leit við árið 1974 í íslenskum plötuverslunum eignaðist maður hana og líkaði vel og fannst eins og hinar vera einlægt verk og persónulegt. Slíkt talar alltaf á sinn hátt. Telur höfundur að þrátt fyrir oft hryssing og allskonar pústra og margt sé falið á bak við lygina leiti fólk eftir persónulegum verkum frá höfundum og kunni betur að meta þau en hin sem eru meira svona fjarrænni. Einlægni er merkileg og stundum birtist hún hjá höfundum og tekst að skína gegnum allt. Allir góðir listamenn hafa þetta til að bera en mislagnir við að ná einlægninni fram. Lennon virkaði á mann sem þessi einlægi maður og heilsteypti sem vildi vel. Hvað annað sem um hann má segja.

Saga Wings.



Myndin til vinstri er af hljómsveitinni Wings á hljómleikaferð um England.

Eftir að öllum varð ljóst að Bítladansinn yrði ekki lengur stigin eins og verið hafði allar götur árána á undan og til ársins 1970, stóðu þeir sem voru í The Beatles sjálfir á vissum tímamótum eins og gerist þegar eitthvað er hætt sem allt áður miðaðist við og menn einbeittu sér að og sinntu af öllu sínum mætti og huga. En nú var þetta farið og óvissan vildi merkja sér margt hjá þessu ágæta fólki rétt eins og hjá mér undir sömu kringumstæðum. Þegar öryggið fer kemur

óöryggið inn sem nokkurn tíma tekur að vinna á. Leiðindatími en fylgir samt með lífinu.

Er ljóst var í hvaða stefndi höfðu meðlimir The Beatles farið einsamlir inn í hljóðver og tekið upp efni eftir sig sjálfa þar og fengið til liðs við sig aðra en Bítlanna og hélt sá siður að mestu á meðan allir voru en í tölu lifenda. Ringo lék þó með bæði John og Paul og máski líka Georg eftir Bítlaævintýrið en Paul aldrei eftir þetta með John né John með Paul né George með Paul sem að vitund höfundur kom ekki að neinni hljóðversvinnu þar sem Paul var að gera plötu né kæmi að þeim upptökum með neinum hætti. Undantekning frá þessu er vinna þeirra kringum Anthology- safnið 1994 er út kom lag Lennons „Free As a Bird“ og Real Love“ sem gefin voru út undir nafni The Beatles. George og John störfuðu eitthvað saman að verkefnum John. Annars var lítið um allt svona samstarf eftir að The Beatles sprakk og aðrir valdir til verkefnanna. Og hægt að skilja.

Ljóst er menn í grunninn vissu í hvað stefndi því fljótlega eftir að samstarfið komst í þrot koma út með þeim hljómplötur sem einstaklingum sem allir vita að nokkurn tíma tekur að vinna og að þær verði ekki til á útgáfudegi og er ég og þú fengum verkin í hendurnar og gátum heyrt afraksturinn. Plötugerð tekur vikur og mánuði.

Paul McCartney var einn Bítla til að stofna hljómsveit ásamt þáverandi konu sinni Lindu McCartney Eastman (fædd 24 september 1941. Dáinn 17 apríl 1998) og gáfu nafnið Wings. Paul setti sitt eigið nafn með til að menn áttuðu sig á hver þar færi fyrir.

(Svo er að sjá að til hafi verið önnur hljómsveit með sama nafni og hún verið stofnuð árið 1968 og uppúr nokkrum öðrum hljómsveitum. En slíkt var alls ekki óalgegnt á þessum tíma að reynt væri að búa til „Súperband“ sem oftast en ekki dugðu stutt. Á Íslandi var þetta gert og er þekktasta dæmið stofnun Trúbrots sem reyndar heppnaðist framúrskarandi og telst til stóru nafnanna á Íslandi af hljómsveitarmeiri. Wings 1968 virðist ekki hafa sent neitt efni frá sér en samt gaman að geta þess að yngir bróðir Paul Simon, Eddie Simon, var í Wings þessari. Hljómsveitin byrjaði að spila sumarið 1968 og var starfandi um tíma).

Hljómsveitin Wings (Sir Paul McCartney) var samstarfsverkefni þó erfitt væri að greina á milli Pauls og hljómsveitarinnar, ekki bara vegna þess hann væri partur af The Beatles, og þar með hluti poppsögunnar, heldur líka fyrir þær sakir að vera leiðtogi bandsins, helsti lagasmiður, söngvari og andlit út á við. Wings starfaði til ársins 1981 og var því til í tíu ár. Eftir hana liggja sjö hljóðversplötur, kvikmynd sem sýnir hljómleika bandsins og fékk nafnið „Wings Universiti Tour“-1972 og sýnir fór hljómsveitarinnar um England og annað sem fékk nafnið „Wings Ower the World“ 1975-1976. Alls voru myndböndin eftir Wings fimm á þessum tíu ára ferli og það síðasta í þessum flokki útgefið 1979 „Wings UK Tour“ að kringum þessa starfsemi voru allmikil umsvif. Og hvað er rangt við að mikið sé í kringum stór hljómsveitarnöfn.



Hvort þetta efni var allt sýnt í bíóum þekkir höfundur ekki en mann eftir kvikmynd frá Wings á tónleikum sem sýnd var á Íslandi og hann náði að sjá og líkaði vel. Þess ber að geta að um þessar mundir gerðu frægar hljómsveitir nokkuð af að láta taka upp hjá sér tónleika í góðum mynd- og hljómgæðum og fá kvikmyndahúsum til sýningar og máski þeirra leið til að færast nær aðdáendaskara sínum sem teygði sig um allan heim og þeir vissu af og máski mættu með þessum hætti. Ágætis framlag sem lítið er um nú til dags. Enda tímar aðrir og önnur tækni kominn sem einfaldar margt fyrir mönnum. Beinar útsendingar minnsta mál sem ekki kalla á neitt mikinn tækjabúnað né heldur mikla þekkingu.

Hvort um sama tús og hann sem síðast er nefndur í upptalningunni áðan er að ræða veit höfundur ekki en í ágúst 1979 var höfundur staddur á Costa Del Sol á Spáni í þriggja vikna frí og hann niður á strönd eins og flesta daga frísins og sér þá litla eins hreyfils flugvél fljúga lágt meðfram strandlengjunni dragandi á eftir sér nokkra metra langan borða sem auglýsir hljómsveitina Wings með tónleika á sama stað en því miður viku eftir að ferð hans lauk að hann missti af tónleikum kappanna í Wings, sem engin spurning er um að gaman hefði verið að sitja, hlusta á og sjá. Flugvélin kom oft með sama borða næstu daga og fleiri vélar með aðrar auglýsingar að var greinilega alvanalegt að auglýst væri með þessum hætti. Og er máski enn gert. Öruggt er að tónleikarnir hafi verið vel sóttir því á diskótekum staðarins í þessum ágúst mánuði trónuðu tvö lög langsamlega efst og voru það „Goodnight Tonight“- með Wings

og „Sultans of Sving“ með Dire Straits. Lag Wings er í diskóstíl og þá líklega enn verið tími diskósins.

Árið 2001 á þrjátíu ára afmæli Wings, tók Paul sig til og setti saman bestu lög Wings á tvo cd diska. Samhliða þessu var gerður sjónvarpsþáttur um hljómsveitina sem menn vonuðust til að yrði sýndur í íslenska sjónvarpinu fljótlega eftir útgáfu. Sjálfur mann höfundur ekki eftir að hafa séð þetta efni en reiknar með að hafi samt verið sýnt á Ríkissjónvarpinu 2001. Um haustið 2001 kom út pakki með Wings og aukinheldur efni frá Paul McCartney sjálfum sem ekki hafði áður komið út.

Er hljómsveitin Wings var stofnuð var Paul búin að senda frá sér eina LP plötu og sama ár kom út hans önnur sólóplata. Fyrsta Wings- platan kom svo út rétt fyrir jólin 1971 að ljóst er að Sir Paul vinni ennþá á Bítlahraða og semji lög í stórum bunkum, tók upp og gaf út án þess fyrst að bíða eftir réttri markaðssetningu, með myndböndum, auglýsingamennsku eins og er í hið algenga í dag.

Fyrsta plata Wings þótti ekki merkileg og fannst mönnum að kappinn hefði vel getað gefið sér meiri tíma í verkið, en hann sagði sjálfur um að ekki væri eftir neinu að bíða og honum langaði til að halda áfram þar sem frá væri horfið og fannst eðlilegt að gera þetta með hljómsveit en að baksast þetta einn. Höfundur mann að platan „Wild Life“, fyrsta plata Wings, fékk slæga dóma þó honum sjálfum hafi alltaf fundist hún ágæt, en samt ekkert meistaraverk. En samt! Hún lifir með honum og hefur hann ennþá ánægju af að hlusta annað veifið á hana. Að eitthvað hlýtur að vera í hana spunið.



Paul rekur svo söguna og segir frá því að hann hafi leitað til kunningja sinna og byrjað að ræða við Danny Lane sem á sínum tíma var í Moode Blues og prófað ýmsa trommu- og gítarleikara. Í þá daga stóð til að gera hljómsveitina út frá New York, en þaðan er Linda McCartney eiginkona Pauls. Sjálfum langaði honum til að vinna með Bandarískum tónlistarmönnum, í bland, en samt ekki stjörnum, heldur bara góðum hljóðfæraleikurum sem kunnu sitt fag en

engin samt þekkti. Denny Seiwell kom þá til skjalanna og sagðist Paul hafa ráðið hann af þeirri ástæðu hve vel þeim kom saman strax á fyrsta degi og ekki spillti fyrir að Denny var afbragðs hljóðfæraleikari. Og eftir að ráðið hafði verið í stöðurnar hélt hópurinn inn í hljóðver. Og fyrsta hljómplata Wings varð til. Á þeirri plötu eru allir söngvar eftir Paul nema einn. Fljótlega á eftir fór hópurinn í tónleikaferð um Bretland og notaðist við sendibíl og sá Paul sjálfur um allar bókannir. Hafði hann tekið að sér verk umboðsmanns og skildi vera með þeim hætti uns annað yrði ákveðið. Sagan segir að yfirleit hafi verið komið við í skólum og nemendafélögin spurð að því hvort þau væru til í að setja upp hljólmleika.

Þó platan fengi slæma dóma var hljómsveitinni hvarvetna vel tekið, og segir Paul að eftir það hafi ekki verið aftur snúið.

Meðal reglna sem meðlimir Wings settu sér var að leika engin Bítlalög, þó eðlilega hafi nokkuð verið eftir þeim spurt, að því er McCartney segir. Á lagalista Wings voru ellefu lög og öll af nýjustu plötu bandsins að ljóst var það dugði hvergi til að fylla klukkutímann og gripið til þess ráðs að taka sum laganna tvisvar, en einnig rötuðu nokkrir gamlir rokkslagar inn á tónleikanna. Lög eins „Lucile“, lægi mikið við. Eftir því sem frá leið og Wings metin að verðleikum en ekki vegna þess að fyrrum Bíttill væri í henni, reyndist Paul betur að taka Bíttillalög inn á milli og fór svo að hverjir tónleikar Wings voru endaðir með hinu fallega lagi Bíttillanna Yesterday.

Gítarleikarinn Henry McGollough slóst í hópinn 1972 og smá saman jukust lög Wings og úr fleiri lögum að móða fyrir hljómsveitina, á til að mynda tónleikum. 1972 var hljómsveitin einkar iðin við allt tónleikahald og lét frá sér fara þrjár smáskífur. Næsta plata Wings var Reed Rose Speedway“ og tókst Wings með henni að stimpla sig inn sem alvöru þenkjandi hljómsveit. Höfundur tekur undir þetta því platan er afskaplega vel heppnuð og með því betra sem komið hefur út og sem tíð og tími sannarlega hefur sagt „Já“ við. Platan hafnaði á toppnum vestan hafs.



1973 kvarnaðist úr sveitinni með brotthvarfi þeirra er McGollough og Seiwel sem yfirgáfu bandið. Um svipað leiti og þeir ákváðu að hætta var lag Wings „Live and let die“ gríðarlega vinsælt sem McCartney samdi fyrir James Bond mynd, og breiðskífan sem kom út í kjölfarið og var tekin upp í Nígeríu seldist í milljóna upplögum. Er hér er komið má segja að Wings sé trío þeirra McCartney- hjóna og Dannys Lanes. Fljótlega voru aðrir ráðnir í stað hinna sem fóru.

Wings At the Speed of Sound“ 1976 seldist afskaplega vel og betur plötunni á undan sem er „Venus and Mars“. „Wings At the Speed of Sound“ er að því leiti til tímamóta verk að aðrir liðsmenn sveitarinnar láta til sín taka á henni í söng og lagasmíðum og að sjá fengu allir meðlimir Wings efni eftir sig á þessa plötu. Það breytir ekki hinu að það voru lög McCartney sem seldu plötuna og eru lögin „Sylli Love Songs“ og „Let‘ Em In“. Erfitt að eiga við svona lagað þegar svo stórt nafn sem Paul McCartney er með. Fólkið fylgist með og segjum að Paul ætti ekkert lag yrðu sölutölur ekki sömu. Plötuútgáfa eru viðskipti og viðskipti snúast um að selja. Eða er ekki svo?

Tónleikaferðin í kjölfarið setti ýmis aðsóknarmet og varð afrakstur hennar þreföld tónleikaplata “Wings Ower America“ sem út kom 1976.

1977 tók hljómsveitin sér frí en gaf út á þeim tíma stórsmellin „Mull Of Kintyri“ og varð söluhæsta smáskífa í Breskri tónlistarsögu og hélt metinu þangað til koma að lagi Eltons Johns um Díönu prinsessu. Við það var ekki keppt.

Endastöð Wings er útgáfa „Back ToThe Egg“ 1979. Platan seldist vel þó engin lög af henni næðu umtalsverðum vinsældum.

Vorið 1980 hóf Wings tónleikaferð um Bretland og svo tekin pása, til að Paul gæti lokið við sólóplötu sína McCartney 2 og fylgt henni úr hlaði.

Sem vonlegt er og skal víst engan undra kom það Paul úr jafnvægi er Lennon var myrtur og var meðal annars ástæðan fyrir að Wings myndi ekki fara í fleiri tónleikaferðir. Á næstunni, að minnsta kosti. Danny Lane átti erfitt með að sætta sig við þetta þar eð obbi tekna hans komu af tónleikaferðunum og Paul eigandi laganna sem hann samdi fyrir sveitina og þáði fyrir höfundarlaun sem mestur peningur lá í. Mállyktir urðu að Danny sagði sig úr sveitinni, sem við það lagði upp laupanna. Sagði Paul enda að honum langaði ekki til að byrja upp á nýtt og yrði eftirleidis einn.



„Útgefendur og höfundar metabókar McGuinness heiðruðu Paul McCartney 24. okt. 1979. Enginn maður, sem starfað hefur á tónlistarsviðinu fram til þessa hefur jafnoft verið heiðraður. McCartney hlaut því nafnbótina „The most honoured man in music“. Er það mál McGuinness-manna, að það met eigi lengi eftir að standa, nýr handhafi er a.m.k. hvergi í sjónmáli.“ (Vikan 3 apríl 1980)

Eftir stendur minning um frábært band sem vissulega skilaði sínu í fjölda frábærra laga. Var Wings með allra vinsælustu hljómsveitum áttunda áratugarins. Þó ekki líki menn verkum hennar saman við afrek The Beatles á sviði fallelgra laglína.

Frá tíma Wings hefur Sir Paul McCartney unnið með fjölmörgum tónlistarmönnum, en samt engum eins lengi og Danny Lane. Þeir unnu saman í níu ár og einu ári skemur en Sir Paul vann með John Lennon.

Að endingu.

Myndin til hægri er tekin árið 1982 og er eins og menn sjá af Sir Paul McCartney einum frægasta tónlistarmanni veraldarsögunnar í bráðum sextíu ár. Fréttin með þessari mynd er á þá leið að Wings séu hættir og að hann vilji ekki lengur koma fram opinberlega.

Þó svo sé sagt er staðan samt sú að hann er komin fram með sína bestu plötu fram að þeim tíma „Tug of War, 1982, sem tók hann afskaplega langan tíma að vinna til enda.

Skömmu eftir dauða Lennons fór Paul með fjölskyldu sína til Montserrat í Karabíska hafinu og hóf að vinna í hljóðveri George Martins, hins virta upptökustjóra Bítlanna. Hann kallaði til sín Ringo Starr, hinn tryggja félega sinn úr Wings, Danny Lane,



Carl Perkins og Stevie Wonder. Eftir tvo mánuði var enn haldið til Lundúna og unnið í enn eitt ár áður en „Tug Of War“ kom fyrir almennings sjónir.

Margir telja þessa plötu McCartney skrautfjöður í hatt hans og má á sinn hátt taka undir sjónarmiðið. Enda afskaplega vel heppnuð og mikið spiluð á sínum tíma hjá manni.

Frá tíma „Tug Of War“ hefur mikið vatn runnið til sjávar og þrettán hljóðversplötur bæst við frá þessum geðþekka vini okkar til margra ára og margar hreint prýðilegar áheyrnar. Nýjasta platan kom 2013.

Nemum staðar hér og trúir höfundur að menn hafi haft af gagn og gaman og fengið svólítinn fróðleik, og tilgangi öllum náð.
Kveðja: KRF.

